

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 36
lóðargjald á Búðareyri — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknan- 18. marz
 legu brjefi, dags. 10. f. m., viðvíkjandi eptirgjaldi eptir lóðir í kaupúninu Búð-
 areyri í landareign þjóðjarðarinnar Kollaleiru, vil jeg hjer með samþykkja, að
 eptirgjöld eptir lóðir þær, er þegar hafa verið útmældar, verði ákveðið eins og
 umboðsmaður Skriðuklausturs hefur stungið upp á, 50 kr. fyrir lóð verzlunar-
 húsanna, 20 kr. fyrir lóð undir veitingahúsi, og 10 kr. fyrir lóð undir íbúðar-
 húsi, er greiðist árlega til hlutaðeigandi umboðsmanns. Sömuleiðis vil jeg sam-
 þykkja, að veitingamanni Hinriki Pjeturssyni sje leyft að rækta og umgirða
 túnblett, c. 1. dagsláttu á stærð, fyrir 20 króna árlegt eptirgjald. Eptirgjöldin
 teljist frá þeim tíma, þegar lóðirnar voru útmældar, og renni helmingur þeirra
 fyrst um sinn til hins núverandi ábúanda á Kollaleiru, en hinn helmingurinn í
 landssjóð. Þegar ábúandaskipti verða á Kollaleiru ber að undanskilja Búðar-
 eyri undan byggingu jarðarinnar.

Konunglegt leyfisbrjef ad mandatum til ættleiðingar. — Með bjefi þessu er 37
 skólastjóra á Möðruvöllum Jóni A. Hjaltalín og konu hans Margrjetu Guðrúnu 21. marz
 Hjaltalín, f. Thorsteinsen leyft að ættleiða stúlkuna Sigríði Ingibjörgu Bjarna-
 dóttur, fædda 6. okt. 1882, þannig að nefnd stúlka skuli álitast sem ættleið-
 enda eigið barn og bera ættarnafnið Hjaltalín.

Konunglegt leyfisbrjef ad mandatum til ættleiðingar. — Með brjefi þessu 38
 var Jósep járnsmíð Jóhannessyni á Akureyri og konu hans Jakobínu Pjeturs- 10. apríl
 dóttur leyft að ættleiða piltinn Jósep Guðmundsson, fæddan 20. marz 1878,
 þannig að nefndur piltur álitist sem þeirra eigið barn og taki upp skírnarnöfn
 þeirra sem foreldranöfn.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 39
kirkjugarðsstæði á Sauðárkrók. — Samkvæmt tillögum yðar herra amtmaður í 11. apríl
 þóknanlegu brjefi, dags. 16. f. m., vil jeg hjer með eptir beiðni sóknarnefndar-
 innar í Sauðárkrókssókn, er hlutaðeigandi umboðsmaður hefur mælt með, veita
 samþykki til, að kirkjugarðsstæði það, sem ræðir um í brjefi mínu 20 sept.
 1888 (Stjt. 1888 B, bls. 127) veitt útmælt úr landi þjóðjarðarinnar Sauðár, þar
 sem sóknarnefndin óskar eptir því, á melunum suður og upp undan kirkjunni,
 og getur leiguliðinn á Sauða ekki vænzt neinnar þóknunar hjer fyrir, með því
 að telja má nægilega upplýst, að honum geti ekki verið hinn minnsti bagi,
 beinlínis nje óbeinlínis, að því, að kirkjugarðurinn sje þar settur, enda ekki ó-
 hætt vegna neyzluvatns að hann verði settur annarstaðar, þar er kirkjugarðs-
 stæði gæti verið.